

## Stjórnarfundur TSÍ 05.06.2008

Mættir: Raj, Skjöldur, Hafsteinn, Ingólfur, Carola, Gunnar

Sammingsgerð við Raj vegna starfs framkvæmdastjóra er enn ólokið. Menn hafa ekki náð saman til að fara í málið. Verður klárað fljótlega segir Skjöldur en ekki komin dagsetning.

Ákveðið var að ritari sendi fundargerð til allra meðlima TSÍ til samþykktar en síðar verður hún sett á Netið. Væntanlega á heimasíðu TSÍ.

Áréttað var að TSÍ annast Íslandsmót inni/úti ásamt bikarmóti um jólin. Sér um verðlaun og framkvæmd. Rætt var hvort rétt sé að kostnaður fari í gegnum TSÍ eða ekki. Raj benti á að án styrk frá styrktaraðilum fengist ekki íkja mikið fyrir þetta. Svo greiða margir keppendur seint og illa mótsgjöldin. Herða þarf reglur í þeim efnum sagði Carola en Raj sagði það ekki alltaf auðvelt mál. Hafsteinn benti á að setja mætti reglur að hafi menn ekki greitt mótsgjald í einu móti megi þeir ekki taka þátt í því næsta. Ekki var tekin ákvörðun um málið.

Áfram var haldið að skipa verkefnum stjórnar. Skjöldur lagði til þá breytingu að Hafsteinn yrði ritari en Gunnar varaformaður. Tillagan var samþykkt.

Íslandsmótið í sumar verður dagana 6.-10. ágúst. Raj verður erlendis á þessum tíma en Hafsteinn stakk upp á því að fá þá Andra og Jón Axel til að annast mótið. Ingólfur tók að sér að ræða við þá félagu um málið og láta stjórnina vita um niðurstöðu.

Varðandi mót almennt í sumar þá hefur Raj verið í sambandi við klúbbana og bíður þess að heyra meira frá þeim áður en hann getur lagt fram mótaskrá. Hann setur inn á heimasíðu TSÍ form þar sem klúbbarnir geta skráð mótin. Málið er því í vinnslu og skýrist fljótlega.

Carola spyr um vellina á Víðistaðatúni í Hafnarfirði, hvort þeir séu í notkun? Fátt var um svör en vellirnir munu vera illa farnir. Hafsteinn ætlaði að fræðast um það hjá Jónasi hvort hann viti eitthvað um málið en hann hefur haldið námskeið á þessum völlum. Ekki voru byggðir vellir við Egilshöll eins og ráð var fyrir gert. TBR er hins vegar með áætlun um 4 velli í nýju húsi sem liggja mun við hlið hins gamla. Skjöldur hefur eftir Sigríði að húsið sé komið á áætlun borgarinnar. Raj kannast ekki við það en við treystum því að rétt sé farið með.

Ferðir til útlanda í sumar. Við höfum líklega aldrei verið eins sein með þau mál. Menn eru sárir út í Skandinava hve illa þeir tóku í þá hugmynd að við verðum með í Norðurlandamótum yngri tennisleikara. Héldu svo mótið í Noregi án þess að tala við okkur. Raj vill senda formlega kvörtun en Skjöldur vill ræða málið við forseta ÍSÍ. Ákveðið var að byrja á því.

En það þarf að undirbúa a.m.k. eina ferð fyrir okkar unga tennisfólk út í sumar og það liggur á! Allir ætluðu að skoða erlendar tennissíður og láta til TSÍ vita ef eitthvað spennandi finnst. En líklega væri fljótlegast og kannski heppilegast að skipuleggja ferð til Alleröd/Birkeröd í Danmörku. Raj ætlaði að kanna þessi mál í snarheitum. Eitthvað þarf að gerast fljótt því karakkarnir bíða.

Skjöldur boðar næsta fund innan tveggja vikna.

Gunnar Þór Finnbjörnsson ritari TSÍ

